

DAGLEGT LÍF

- Er efnishyggjan forsenda tækni og vísinda? ● Eru trúarbrögðin erindi? ● Er manneskjan firrt eðli sínu? ● Frelsaði efnishyggjan

Fagnaðararerindi heimsins?

ÁBERANDI áhugi á rækt hugans og heilsusamlegu líferni hefur kveikt vonir um undanhald veraldlegrar lífsskoðunar. Spáð hefur verið dvínandi áhuga á efnislegum gæðum í kjölfarið og frelsun mannsins frá taumlausri nautnahyggju. „Skefjalaus einstaklingshyggja og eignaárátta mun líða undir lok,“ segja postular hugsjóna um betri heim, „náungakærleikurinn verður sterkari ástinni á sjálfum sér.“

En eru þetta ekki aðeins rómántískir draumórar? Getur eitthvað ógnað hinni sigursælu efnishyggju sem hefur lagt undir sig Vesturlönd, Japan og fleiri lönd og breiðist nú hratt um alla heimsbyggðina líkt og fagnaðararerindi?

Bendir eitthvað til að viðhorf til vinnu séu að breytast? Hefur viðskiptamenningin ekki fundið sinn farsæla farveg? Getur eitthvað kveðið niður hið hagsýna sjónarhorn? Eða einstaklingshyggju, neysluhyggju og velferðarhyggju?

„Sterk vinnumenning og sterk

Efnishyggjan berst um alla heimsbyggðina, öll um þjóðum til vitnisburðar. En leiðir hún til allsherjar farsældar eða endaloka menningar? Gunnar Hersveinn og Hanna Katrín Friðriksen spurðu valið fólk um áhrif veraldlegrar lífsskoðunar á framfarir, náttúru, trúarbrögð, og sjálfstæði mannsins.

efnishyggja skapar þrótt í þjóðfélögum og framfarahug,“ segir Dr. Stefán Ólafsson prófessor í Háskóla Íslands sem hefur unnið

rannsóknir á ríkjandi hugarfari Vesturlandabúa og skrifað bók þar sem hann glimur við *Hugarfar og hagnýtt* (1996). „Í velferðarkerfinu leitast fólk við að fullnægja löngunum sínum og láta draumana rætast,“ segir hann. „Gleðin stendur stutt eftir að markmiðum er náð en áfram er haldið.“ Fólk virðist nefnilega vilja leggja á sig mikla vinnu til að ná hæfilegum lífsgæðum.

Hinn veraldlegi maður

„Það er ekkert sem bendir til að komandi kynslóðir muni snúa baki við efnislegum gæðum,“ segir Stefán og samkvæmt fjölbjóðlegri könnun sem spannar víðhorf fólks til veraldlegra lífsgilda ríkir sterkari efnishyggja meðal ungu kynslóðarinnar en hinna eldri. Hún telur launin mikilvægust og vill borga minni skatta til umhverfisverndar en hinari eldri.

Stefán er þjóðfélagsfræðingur og hefur rannsakað mátt hugarfarsins. „Nýtt hugarfar stendur alltaf í stríði við hefðartrýggð og

„EFNISHYGGJAN getur ekki orðið ráðandi í óbreyttri mynd á næstu öld. Það þarf róttækar breytingar,“ segir Steingrímur Hermannsson, seðlabankastjóri, og vitnar í lokaorð sagnfræðingsins Erik Hobsbawn í bók hans *Age of Extremes*. „Hobsbawn tekur mjög djúpt í árinni. Hann segist til skamms tíma hafa trúað því að efnishyggjan yrði áfram ráðandi en nú spár hann því að hún muni í óbreyttri mynd leiða til hruns og algerrar eyðileggingar.“

Þjóðarframléiðsla hefur gjarnan verið skilgreind sem sjálfstæði hild. Fyrirtæki framleiða vörur og þjónustu sem heimilin og atvinnulífið nota og borga fyrir og frá þeim koma svo framléiðsluþættirnir, fjármagn og vinnuafli, svo hægt sé að framleiða meira. Þessi efnahagsþróun getur gengið á meðan auðlindir náttúrunnar eru óþrjótandi og náttúran getur endalaust tekið við úrgangi. En þar stendur hnifurinn í kúnni. Sífellt fleiri vilja draga upp aðra mynd þar sem efnahagskerfið er hluti stærra kerfis, vistkerfisins. Vistkerfið er takmarkað, en mannanna kerfi, efnahagskerfið, stækkar hins vegar stöðugt og er komið langleiðina með að fylla það rúm sem vistkerfið veitir því.

„Þar sem menn eru í ríkari mæli farnir að átta sig á því að hið ytra vistkerfi takmarkar efnahagsþróuna aukast kröfur um að í útreikningum á vergri þjóðarframléiðslu verði tekið tillit til tæmandi náttúruauðlinda og til minnkandi möguleika lofts, vatns og sjávar til að taka við úrgangi,“ segir Steingrímur.

Verg þjóðarframléiðsla er skilgreining á þeirri verðmætastöðun sem á sér stað innan landamæra ríkis, að viðbættum launa- og eignatekjum frá útlöndum. Steingrímur nefnir að innan efnahagsdeildar Alþjóðabankans og hagdeildar Sameinuðu þjóðanna sé unnið ótulllega að því að finna nýjan mælikvarða á efnahagsþróun. „Ef efnishyggja á að geta leitt til farsældar í framtíðinni þarf að gjörbreyta mælikvarða á hagnýtt og taka með í reikninginn nýtingu auðlinda og mengun þeirra.“

„Ef við ætlum að stefna að því að koma svipaðri velsæld á í suðurhluta heimsins og ríkir í norðurhlutanum þarf að margfalda framléiðsluna úr náttúruauðlindum heimsins og úrgangur myndi aukast til muna. Þetta gengur hreinlega ekki upp. Það er því auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu að við séum kominn út á mjög hálán ís.

Efnishyggja þarf gjörbreytt form



STEINGRÍMUR HERMANNSSON

menn taka tillit til þessara kostnaðarliða og greiða fullu verði tel ég að efnishyggjan geti haldið áfram að þróast.“

Það er framtíðarsýn að mati Steingríms að fjármálastofnanir sem lána til framkvæmda taki tillit til hræfnisóflunar og mengunar. „Umhverfiseiðil Alþjóðabankans hefur gefið tillögu um að tekið sé tillit til þessara þátta við útreikning kostnaðar við lánveitingu. Þessi tillaga hefur vakið mikla athygli en hefur ekki komið til framkvæmda. Alþjóðabankinn starfar í vanþróðu ríkjum. Þar spyrja menn með réttu; af hverju að gera þessar kröfur til okkar þegar þið á norðurhveli jarðar mengið margfalt meira á mann en við gerum? Þarna strandar málið,“ segir Steingrímur en ítt rekar þá skoðun að skattlagning á þessum nótum eigi eftir að verða að veruleika. Það sé ein af forsendum þess að efnishyggja í breyttri mynd eigi framtið fyrir sér.

HKF



STEFÁN Ólafsson sýnir í bók sinni *Hugarfar og hagnýtt* sterk tengsl efnahagslegrar framþróunar og veraldlegrar lífsskoðunar.

Sjálfraði í járnbúri valdsins



VILHJÁLMMUR ÁRNASON

VILHJÁLMMUR Árnason heimspekingur hefur lesið bók Stefáns Ólafssonar *Hugarfar og hagnýtt* og velt fyrir sér nokkrum atvörðum um efnishyggjuna. „Mér finnst að Stefán hefði mátt setja spurningamerki við nokkra þætti efnishyggjunnar og taka fleiri áhrifaþætti inn í dæmið,“ segir hann.

Vilhjálmur finnst skorta á að greiningin sé sett í samhengi við þætti sem geta haft áhrif á ríkjandi hugarfar eða bent til að það sé reist á ranghugmyndum. „Ögn, eins og eyðing ósonlagns, sem stöðjar að lífinu getur til dæmis breytt hugarfari,“ segir hann. Ef veraldleg lífsskoðun og hagsæld breiðist út um allan heim í sama mæli og Á Vesturlöndum, má t.d. spyrja: Dugar takmarkaður drykkjarvatnið sem milljarðir efnishyggjumanna munu daglega krefjast vegna velmegunar? Það er villandi að draga ályktanir um ríkjandi tilhneigingar einungis út frá svörum fólks í velmegandi ríkjum Vesturlanda.

Í bók Stefáns eru kannanir um upplifað sjálfraði og sagt um Svía að þeir telji sig hafa frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í vinnunni. Vilhjálmur spyr: „Um hvað eru þessar sjálfstæðu ákvarðanir? Varða þær einstök viðfangsefni innan afmarkaðs sviðs starfsins eða varða þær sjálfa heildartilhögun og framkvæmd vinnunnar?“ Hann bendir svo á að í gögnum Stefáns komi fram að ekkert samband er á milli hagseldar og áherslu á atvinnulýðræði. „Þetta rennir stöðum undir það að upplifað sjálfraði vinnumannsins geti verið takmarkað í raun?“

Í framhaldi af þessu verður Vilhjálmur

DAGLEGT LÍF

- enn á undanhaldi? ● Eru auðlindirnar takmarkalaugar? ● Á trúin ekki lengur menn undan oki fátæktar? ● Verður hún allsráðandi á næstu öld?

grannann. Enginn er fremstur nema í andrá.“

Margir bölvá þessari mynd en fólk er þó ekki selt undir alræði efnishyggjunnar. Valið á hlaupa-brautinni er talsvert og metnaður manna mismunandi en flestir sem hugarinn muni eiginlega finna samannburðarhópi. „Allur þorri manna sem ætlar að fylgja ríkjandi stefnu er dæmdur til að vera með á hlaupaþraut velferðarinnar,“ segir Stefán. „Og frelsið felst í því að velja á milli neyslukosta.“

Hann telur börnin sterkt að í því að halda foreldrunum við efnid. Þau bera saman leikföngin og önnur efnisleg gæði sem þau sækjast eftir og foreldrarir vilja veita þeim það sem börn flestra fá. Forsenda markaðs- og velferðarþjóðfélagsins liggur á þennan hátt í hugarfari, að mati Stefáns.

Það er auðvelt að benda á galla neysluþjóðfélagsins. Ekkert er lengur hellað, allt er til sölu og peningamatíð ríkjandi. En Stefán bendir á það sem áunnist hefur vegna framfaranna sem efnishyggjan hefur leitt til. „Barnadæði var landlægar langt fram á 19. öld en nú getur nýburinn átt góða von um langa ævi. Stefán telur því veraldlega lífsskoðun vera forsendu framfara.

Auðlindir í mönnum

Stefán telur efnishyggjuna árangursríkustu aðferðina til að glíma við lífið og vandamál og segir að vegna þess að „Auðlindir búi í mönnum, menntun þeirra og hugviti, muni nýjar auðlindir sífellt finnast og endurnýting gamalla aukast.“

Nú mun hann svara gagnrýni sem oft heyrst þegar efnishyggjan er rædd.

hugsað til firringarinnar, sem Stefán segir vera á undanhaldi. „Einstaklingurinn getur upplifað sjálfraði sitt, en jafnframt verði ofurseldur valið amarra,“ segir hann. „Kjarni firringarinnar er sá að þeir sem vinna verkina hafa enga stjórn á þeim lögumálum sem verk þeirra láta í heildarsamhengi

þjóðfélagsgerðarinnar.“ Það má með öðrum orðum ímynda sér áneðga starfsmenn í kerfi sem er andsnútt hagsmunum þeirra, en mótar samt hugmyndir þeirra.

Hann segir að bók Stefáns byggi á tölfræðigreiningu en hins vegar skorti djúpri túlkun. „Ljósmyndasafn af samfélaginu er ekki nóg, það þarf að gegnumlýsa myndirnar, þar með væri leitað við að varpa ljósi á félagslega innvið sem ná dýpra en þær hugmyndir sem einstaklingar hafa um sjálfan sig.

Franski heimspekingurinn Michel Foucault hefur til dæmis bent á að lýðræðið feli valdið með því að láta líta út fyrir um Vesturlanda.

Í bók Stefáns eru kannanir um upplifað sjálfraði og sagt um Svía að þeir telji sig hafa frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í vinnunni. Vilhjálmur spyr: „Um hvað eru þessar sjálfstæðu ákvarðanir? Varða þær einstök viðfangsefni innan afmarkaðs sviðs starfsins eða varða þær sjálfa heildartilhögun og framkvæmd vinnunnar?“ Hann bendir svo á að í gögnum Stefáns komi fram að ekkert samband er á milli hagseldar og áherslu á atvinnulýðræði. „Þetta rennir stöðum undir það að upplifað sjálfraði vinnumannsins geti verið takmarkað í raun?“

Í framhaldi af þessu verður Vilhjálmur

Nú hefur menningunni verið spáð hrúni haldi gegndarlaus veraldarhyggja áfram á næstu öld?

„Röðin sem spáir hrúni hefur lengi heyrst, en hrúni látið á sér standa. Ég held að auðlindirnar séu takmarkalaugar og að manns hugarinn muni eiginlega finna lausnir til að takast á við vandamálin. Með tækninni leysa menn ný veraldleg vandamál á hverjum degi.“

En hvað með andóf eins og á hippatímabilinu?

„Það var dæmigert andóf gegn lífsgæðakapphlaupinu. Hins vegar hélt hinn sterki kjarni velli. Andófið var of aldurstengt, það var einskonar vaxtarverkur einnar kyn-

STEFÁN SVARAR GAGNRÝNI Á EFNISHYGGJUNA

slóðar en gat ekki verið annað en gára á yfirborðinu og stóð stutt í raun. Það spratt upp eftir óvenjumikið velmegunarskeið með methagvexti frá 1950–1970 og lauk í næstu samdráttarkreppu, olíuverðið hækkaði og tækifærunum fækkaði sömuleiðis. Forsendan fyrir andófi hippanna hvarf eins og dögg fyrir sólu, því frelsið til að hafna öllu gufaði upp þegar tækifærunum fækkaði og hverfullleiki velsældarinnar blásti við.

Sumir segja að veraldarhyggja 20. aldarinnar megi ekki halda áfram og nýtt og útbreitt andóf verði að fara að hefjast.

„Samkvæmt könnun í 15 Evrópuþjóðum er efnishyggjan sterkari hjá fólki á bilinu 18–24 ára og einnig hjá ríkustu þjóðunum. Af því má ráða að sóknin eftir efnislegum gæðum haldi áfram.

Ég held að við þurfum ekki að óttast þetta vegna þess að efnahagsleg framþróun í Evrópu er náteynd veraldlegrar lífsskoðunar sem felst í þróttmikilli vinnumenningu, viðskiptum, framfarahyggju og samfélagsmenningu. Rök gagnrýnda um hrún eru reist á sandi.“

Stefán telur að Íslendingar standi sterkir að vígi á hugarfars sviðinu en síður á skipulagssviðinu. „Ég tel að við þurfum ekki að óttast að líkjust ríkustu þjóðunum, því þar er skipulagð betra, bæði í stofnunum og stjórnmálakerfi,“ segir hann.

„Mengunarmál eru einmitt í besta horfinu hjá ríkustu þjóðunum og þar þróast aðferðir sem geta dregið úr mengun. Hugarfarið þar er umhverfinu í vil.“

Adrir segja: „Ef allir í Kína og þróunarlöndunum fá sér bifreið og ísskáp ferst heimurinn fljótlega.“

„Þeir vilja neita þessu fólki um lífsgæðin sem þeir sjálfir búa við í stað þess að reikna með að finna

megi tæknilegar lausnir eins og bíla með hreinsibúnaði og álver sem blæs frá sér súrefni í stað flúors, en það er tæknilega mögulegt.“

En offjölgun manna?

„Það gengur ekki að neita þriðja heiminum um lífsgæðin á þeim forsendum. Veraldlegri lífsskoðun og aukinni hagsæld fylgir alls staðar minni fólksfjölgun.“

En firir efnishyggjan ekki manninn eðli sínu?

„Framfarirnar á Vesturlöndum hafa dregið verulega úr fátækt, leitt til betra heilsufars, lengri lífdaga og opnað hverjum einstaklingi ótal ný tækifæri. Vinnustaðir hafa batnað og þjóðfélagið er orðslóðar en gat ekki verið annað en gára á yfirborðinu og stóð stutt í raun. Það spratt upp eftir óvenjumikið velmegunarskeið með methagvexti frá 1950–1970 og lauk í næstu samdráttarkreppu, olíuverðið hækkaði og tækifærunum fækkaði sömuleiðis. Forsendan fyrir andófi hippanna hvarf eins og dögg fyrir sólu, því frelsið til að hafna öllu gufaði upp þegar tækifærunum fækkaði og hverfullleiki velsældarinnar blásti við.

„Nútíma verkamaður getur t.d. haft meiri áhrif á skipulag atvinnulífsins en áður var, til dæmis með kröfum sem stéttarfélagið hans berst fyrir,“ segir hann gegn bölmóðinum.

Hvers vegna virðist þér skipulaginu á Íslandi ábótavant?

„Hugarfarið hér er áþekkt hugarfari þjóða sem best hefur vegnað, en við höfum verið sein að innleiða lýðræðis- og markaðsskipulag og er við stjórnmálamenn og sérhagsmunafólkið að sakast, því við vorum of lengi á kafi í ríkisforsjá.“ Kjördæmavægi er eitt af því sem þarf að breyta, því dreifiliði er fastheldið á gamla kerfið. Um leið myndum við breyta forsendum búsetu og landnýtingar og landbúnaðar- og sjávarútvegsgræinanna, sem eru vaxtargeinar fortíðarinnar. Við þurfum nýtt skipulag fyrir nýjar greinar framfarinnar.

Hugarfarið núna er vænlegt til sóknar en við höfum verið of föst í gamla skipulaginu. Vinnutíminn er til dæmis afleiðing af forneskjunnari í atvinnulífinu, þ.e. langur vinnutími með litlilli framleiðni. Hins vegar mun vinnutímaillhögun Evrópusambandsins koma okkur á réttan kjöl, ásamt nýsköpun vinnumarkaðar sem geti leitt af útbreiðslu vinnustaðasamfanga. Ég hef trú á því að það verði bæði fjölskyldum og fyrirtækjum til mikilla hagsbóta á næstu misserum. Vinnutími stytstist, framleiðni eykst og kaupni hækkar. Stytting vinnutíma, aukin framleiðni og hækkan kaup og bætt umhverfisvernd fela í sér skynsama hagsýni. Það eru framfarir í anda efnishyggjunnar.“ segir Stefán Ólafsson. GH

Lifandi trú og sálartómið

ANDHVERFA efnishyggju er hughyggja, sem gerir ráð fyrir áhrifum andans á skynjun, þekkingu og atburðarás,“ segir Helga Soffía Konráðsdóttir prestur í Háteigskirkju. „Kristín trú andmálar efnishyggju sem slíkra vegna þess að hún er ekki allt það sem hún virðist vera.“

Hagnýtt efnishyggja merkir að maðurinn lifir fyrir hin efnislegu gæði – hlutina, og það er ekki heillavænlegt í augum Helgu Soffíu. „Efnid er ekki illt,“ segir Helga Soffía, „efnisheimurinn er góður, en það versnar í því ef maðurinn lifir fyrir hlutina.“

Efnisheimurinn á ekki að taka völdin, að mati Helgu Soffíu, einfaldlega vegna þess að maðurinn er einnig andleg vera. Manneskjan ræktast illa undir henni. „Líf mannsins helgast af Guði og það gefur lífi hans tilgang,“ segir hún. „Maðurinn skilgreinir líf sitt frammi fyrir Guði og heill hans og hamingja veltur á sambandinu við guð en ekki efnisheiminn.

Mér virðist bæði sem presti og manneskju eins og að efnislegu gæðin skipti fólk núna mestu máli,“ segir hún.

„Ég efast hinsvegar um að það hafi verið ætíðlun, fremur hafi ytri þrýstingur valdið þessu.“ Helga er sannfærð um að Vesturlandabúar muni uppgötva að þeir eru komnir langt fram úr sjálfum sér og hafi gleymt sálu sinni.

„Eitthvað mun minna þá á það og spurningar eins og: „Hver er ég?“ og „Hef ég týnt sjálfum mér?“ vakna,“ segir hún. „Eitthvað hristir einstaklingana; náttúruhamfarir, sjúkdómar, ástvinamissir, brígðul auðefi eða annað sem veldur því að nútímamaðurinn hættri að úsla forina í velmegunarkapphlaupinu.“

Hún viðurkennir að margir hafi undanfarin ár varað við þessari efnishyggju og bent á önnur gildi eins og að staldrá við náttúruna, gefa sér tíma og næði til að íthuga andleg efni. „Eins og efnishyggjan hefur verið uppiðandi hafa allskonar stefnur og straumar öndverðar henni verið þakkað.

Við prestarnir tilheyrum þeim sem benda fólki á aðrar leiðir, en við skerum okkur úr með því að nema ekki staðar,“ segir hún. „Kristín trú er ekki „húmanismi“ eða „idealismi“, heldur trú á lifandi Guð, krossfestan og upprissinn frelsara. Kristín trú er lífsstefna.“

Helga Soffía telur að fólk selt undir veraldlegu lífsskoðun eða aðrar sem ekki byggjast á lifandi guði þurfi aðallega að glíma við tilfinninguna um tómið í sálinni. GH

Notaðu aðeins það besta, notaðu TREND snyrtivörur



Með TREND nærðu árangri.

TREND naglanæringin styrkir neglur. Þú getur gert þínar eigin neglur sterkar og heilbrigðar.

TREND handáðurur með D-liposomes, ný tækni sem vinnur inni húðinni. Einstök gæðavara.

Snyrtivörurnar frá TREND eru fánlegar í apótekum og snyrtivöruverslunum um land allt. Einnig í Sjónvörpmarkaðnum.

TREND
COSMETICS
Einkaumboð og heildsala
S. Gunnbjörnsson & CO,
Lindabæ 8, 210 Garðabæ
Símar 565 6317 og 897 3317. Fax 565 8217.